



HAFNARFJÖRÐUR

Úrskuður Óbyggðanefndar frá 20.júní 2014.


Úrskurðarorð: Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Áltaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningskóga Áltaness), sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kógssfelli og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í ádumeft Hústell.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skógræktarsvæði norðan Krýsvíkur en sunnan Garðakirkjulás, sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en ekki afréttur, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.

Landsvæðin eru samtals 2966ha og eru innan vatnsverndarsvæðis og marka Reykjanes- og Bláfjallafólkvangs.



BREYTING Á STAÐARMÖRKUM HAFNARFJARÐAR SKV. ÚRSKURÐI ÓBYGGÐANEFNDAR:
ÞJÓÐLENDI INNAN STAÐARMARKA HAFNARFJARÐAR